

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir a-lið 45. gr. komi nýr stafliður, svo hljóðandi, en aðrir stafliðir breytast eftir því:

- b. Að endurgreiða sjúkrasamlögum $\frac{3}{4}$ hluta kostnaðar, samkvæmt h-lið og i-lið 49. gr. Nú hrekkur framlag lífeyrisdeildar, samkvæmt 78. gr. d-lið, ekki til greiðslu þessa kostnaðar, og skal þá jafna hallann af framlagi ríkissjóðs til sjúkrasamlaganna og skipta honum á samlögin í réttu hlutfalli við fjölda samlagsmanna.

2. gr.

Á eftir g-lið 49. gr. komi tveir stafliðir, svo hljóðandi:

- b. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi, eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga. Ferðakostnað þenna skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið faratæki, ella að $\frac{3}{4}$ hlutum.
- i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns í sjúkrahús innanlands að $\frac{3}{4}$ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningaleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar.

3. gr.

d-liður 78. gr. orðist svo:

Framlög til héraðssamlaga, sbr. 45. gr. b, og til sjúkrasamlaga í kaupstöðum, samkvæmt fjárhagsáætlun lífeyrisdeildar. Enn fremur allt að tvöföldu framlagi ríkissjóðs til ferðastyrks sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun fjár samkvæmt þessum staflið.

Á eftir d-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

- e. Styrk til örkuðla manna eða fatlaðra, sem þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og til lamaðra, sem þarfnast æfingarmeðferðar með viðeigandi nudd- og rafmagnsaðgerðum utan sjúkrahúsa. Reglur um greiðslu styrkjanna setur tryggingaráð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1966. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði. Læknisvitjanasjóðir þeir, sem nú eru, skulu renna til hlutaðeigandi héraðssamlaga eða sjúkrasamlaga.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.